



**Ávarp  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
við opnun  
sögusýningar  
á 100 ára afmæli UMFÍ  
Gerðarsafni, Kópavogi  
5. júlí 2007**

Ágætu sýningargestir.

Þegar Ungmennafélag Íslands fagnar aldarafmæli á jafn glæsilegan og þróttmikinn hátt og raun ber vitni hér í Kópavogi leitar hugur okkar til þroskaára kynslóðarinnar sem reisti merkið í fyrsta sinn, gerði hugsjón UMFÍ að leiðarljósi.

Þá laut Ísland enn erlendu valdi, fátækt og harðræði voru hlutskipti margra; til sjávar og sveita erfitt að afla hins daglega brauðs, fjarlægur draumur að Ísland yrði sjálfstætt og frjálst, þjóðin fullráða í öllum málum.

Hugsjónin um ræktun lands og lýðs, krafturinn sem leiddi til stofnunar ungmennafélaganna var helgaður þeirri lífssýn að heilladísir væru á bandi Íslands, að innan tíðar myndu framfarir í frjálsum landi færa þjóðinni aukinn þrótt.

Draumurinn rættist, ungmennafélögin urðu burðarás í nýrri sókn, fjöldahreyfing með rætur í ættjarðarást, áherslum á heilbrigði og hollustu í daglegri breytni, hreyfing sem sótti sífellt nýjan kraft í keppni og leik.

Ég kynntist því ungur vestur á fjörðum hve samgróin ungmennahreyfingin var lífi fólksins, að héraðsmótin voru einstök hátíð, að andinn sem fyrir hundrað árum leiddi sex unga menn á Þingvöllum við Öxará til að stofna landssamtök æskufólks hafði orðið Vestfirðingum herhvöt líkt og öðrum byggðum landsins.

UMFÍ hefur verið sannkölluð þjóðarhreyfing, samofin baráttu, sigrum og árangri Íslendinga, í fararbroddi þegar sköpuð var sú samfélagsgerð sem skipaði okkur í fremstu röð meðal þjóða heims.

Æskulýðsstarf, íþróttir, þjálfun og þroski eru fjárfesting í framtíðinni, grundvöllur að forvörnum og heilbrigðu lífi, framlag sem ávallt kemur þjóðinni vel.

Allt er þetta mikil saga og því vel til fundið að efna á þessum tímamótum til sýningarinnar sem við opnum hér.

Myndirnar tala skýru máli, sýna í hnotskurn breytingarnar, en líka kraftinn, metnaðinn, bjartsýnina, vitnisburð um hugsjónir sem hrundið var í framkvæmd.

Landsmót, héraðsmót, unglíngamótin, íþróttir, fjölmargar keppnisgreinar en líka félagsstarfið, forystusveitin, hið fórnfúsa sjálfboðastarf sem ávallt hefur verði aðalsmerki UMFÍ, ræktunin, Prastarskógur, Skinfaxi, boðskapur um bindindi og heilbriggt líf.

Allt birtist þetta okkur hér, en sýningin er líka áminning um hvílíkt afrek það er að ungmennahreyfingin hefur lifað í hundrað ár, haldið velli í umrótinu sem fylgt hefur byltingum í þjóðfélagsháttum, staðið keik í stormum sinnar tíðar, heilsar nýrri öld sem öflug og breið fjöldahreyfing, burðarás í íþróttalífi og æskulýðsstarfi Íslendinga, aflvaki sem enn er ætlað mikið hlutverk.

Við hugsum með þakklæti til þúsundanna sem helguðu hreyfingunni krafta sína, gleðjumst yfir glæstri sögu sem sýningin birtir okkur. Það var í rauninni kraftaverk hve miklu var áorkað á árum áður þegar aðstæður allar til keppni og leiks voru frumstæðar samanborið við það sem nú blasir við hér í Kópavogi.

Ég óska UMFÍ til hamingju á þessum merku tímamótum og fagna því að glæsileg sögusýning skuli haldin í aðdraganda þeirrar íþróttaveislu sem Landsmótið í Kópavogi án efa verður.